

Skýrsla um gjaldþol og fjárhagslega stöðu (SFCR)

2018

EFNISYFIRLIT

SAMANTEKT 3

A. REKSTUR OG AFKOMA 5

A.1 Rekstur 5
A.2 Afkoma af vátryggingastarfsemi 6
A.3 Afkoma af fjármálastarfsemi 9
A.4 Afkoma annarrar starfsemi 10
A.5 Aðrar upplýsingar 10

B. STJÓRNKERFI 11

B.1 Almennar upplýsingar um stjórnkerfi VÍS 11
B.2 Kröfur um hæfni 16
B.3 Áhættustýringarkerfi 16
B.4 Innri stjórnun og eftirlitskerfi 18
B.5 Innri endurskoðun 19
B.6 Tryggingastærðfræðistofa 19
B.7 Útvistun 19
B.8 Aðrar upplýsingar 19

C. ÁHÆTTUSNIÐ 20

C.1 Vátryggingaáhætta 20
C.2 Markaðsáhætta 23
C.3 Mótaðilaáhætta 25
C.4 Lausafjáráhætta 26
C.5 Rekstraráhætta 26
C.6 Aðrar veigamiklar áhættur 26
C.7 Aðrar upplýsingar 26

D. VERÐMAT VEGNA GJALDÞOLS 27

D.1 Eignir 27
D.2 Vátryggingaskuld 27
D.3 Aðrar skuldbindingar 30
D.4 Aðrar aðferðir vegna verðmats 30
D.5 Aðrar upplýsingar 30

E. EIGINFJÁRSTÝRING 31

E.1 Gjaldþol 31
E.2 Gjaldþolskrafa og um lágmarksfjármagn 32
E.3 Aðferð við útreikninga á líftíma hlutabréfaáhættu í gjaldþolskröfu 32
E.4 Mismunur á staðalreglunni og eigin innra líkani 32
E.5 Frávik frá kröfu um lágmarksfjármagn og frávik frá gjaldþolskröfu 33
E.6 Aðrar upplýsingar 33


Samantekt

Í skýrslu um gjaldþol og fjáhagslega stöðu er að finna lýsingu á starfsemi samstæðu Vátryggingafélags Íslands hf. (VÍS/félagið) í lok árs 2018 á grundvelli tilskipunar ESB um Solvency II og tilmæla Fjármálaeftirlitsins. Tilgangur VÍS er rekstur vátryggingastarfsemi og félagið starfar fyrst og fremst á innanlandsmarkaði og hefur engar starfsstöðvar erlendis, en tekur að sér endurtryggingar erlendis frá í takmörkuðu mæli. Líftryggingafélag Íslands hf. er dótturfélag VÍS og er starfrækt af VÍS á grundvelli þjónustusamnings.

VÍS er skráð á aðalmarkaði Kauphallar Íslands og í lok árs 2018 voru hluthafar félagsins 635 talsins. Um 42% hluta voru í eigu lífeyrissjóða, 16% í eigu erlendra sjóða, 9% í eigu innlendra sjóða, 21% í eigu annarra lögaðila, 6% í eigu banka og 6% í eigu einstaklinga. Enginn einstakur hluthafi VÍS á meira en 10% í félaginu.

Hagnaður samstæðunnar á árinu nam 2.061 milljónum króna eftir skatta sem er um 55% aukning frá árinu 2017 þegar hann nam 1.326 milljónum króna. Annað árið í röð var samsett hlutfall félagsins undir 100%, eða 98,7%. Iðgjöld ársins jukust um 10,6% milli ára en á sama tíma jukust eigin tjón um 15,6%.

Fjárfestingatekjur félagsins á árinu námu 2.827 milljónum króna. Eignasafn félagsins tók nokkrum breytingum á árinu en helst má þar nefna að vægi skuldabréfa var aukið í safninu á kostnað hlutabréfa í samræmi við nýja stefnu um fjármagnsskipan. Dregið var úr eignarhlut í Kviku banka í tengslum við hlutafjárlækkun VÍS en eign félagsins í Kviku er þó áfram stærsta hlutabréfaeign þess. Ávöxtun fjárfestingaeigna VÍS var 8,3% árið 2018 sem var umfram áætlanir félagsins fyrir árið.




Fjárfestingatekjur félagsins á árinu námu 2.827 milljónum króna. Eignasafn félagsins tók nokkrum breytingum á árinu en helst má þar nefna að vægi skuldabréfa var aukið í safninu á kostnað hlutabréfa í samræmi við nýja stefnu um fjármagnsskipan. Dregið var úr eignarhlut í Kviku banka í tengslum við hlutafjárlækkun VÍS en eign félagsins í Kviku er þó áfram stærsta hlutabréfaeign þess. Ávöxtun fjárfestingaeigna VÍS var 8,3% árið 2018 sem var umfram áætlanir félagsins fyrir árið.

Skráð hlutafé félagsins nam í lok ársins 1.953 milljónum króna, og er hver hlutur í félaginu ein króna að nafnverði. Hlutaféð er í einum flokki og allir hlutir eru í sama flokki og njóta sömu réttinda. Félagið keypti samtals 46,8 milljónir hluta á árinu og var kaupverð hinna keyptu hluta á árinu samtals 512 milljónir króna. Á grundvelli endurkaupaáætlunar sem samþykkt var á hluthafafundi þann 22. mars keypti félagið 42,6 milljónir hluta. Það nemur 46% af hámarki heimildar samkvæmt áætluninni. VÍS á nú samtals 2,18% af heildarhlutafé félagsins.

Gjaldþolskrafa félagsins breyttist lítillega á milli ára en þó urðu nokkrar breytingar á undirliggjandi þáttum hennar. Dregið var úr markaðsáhættu en á móti hækkaði skaðatryggingaáhætta vegna aukinna umsvifa.

Áhættusniði félagsins er stjórnað í samræmi við áhættuvilja þess um gjaldþolshlutfall, þ.e. hlutfall gjaldþols og gjaldþolskrafna. Gjaldþolskröfur eru mælikvarði yfir alla mælanlega áhættu félagsins og reiknaðar með staðalreglu samkvæmt lögum nr. 100/2016 um vátryggingastarfsemi.

Félagið stýrir gjaldþoli samkvæmt fjárfestingastefnu, arðgreiðslustefnu, áhættuvilja og ORSA félagsins. Áhættuvilji félagsins er að gjaldþolshlutfall sé á bilinu 1,35 – 1,70. Gjaldþolshlutfall félagsins var innan áhættuviljans í árslok 2018, eða 1,40 að teknu tilliti til arðgreiðslna, samanborið við 1,42 í lok árs 2017.



A. Rekstur og afkoma

Samkvæmt efnahagsreikningi nema eignir samstæðunnar 47.150 m.kr. (2017: 46.404 m.kr.), skuldir námu 32.240 m.kr. (2017: 29.638 m.kr.) og bókfært eigið fé nam í árslok 14.910 m.kr. (2017: 16.766 m.kr.). Gjaldþolshlutfall samstæðunnar án fyrirhugaðrar arðgreiðslu er 1,60 en að teknu tilliti til arðgreiðslu er hlutfallið 1,40 í árslok 2018.

A.1 Rekstur

Vátryggingafélag Íslands hf. (VÍS eða félagið) er hlutafélag sem stofnað var 5. febrúar 1989 af Brunabótafélagi Íslands og Samvinnutryggingum gt. og starfar m.a. samkvæmt lögum um vátryggingastarfsemi nr. 100/2016 og lögum um hlutafélög nr. 2/1995. Vátryggingafélög eru eining tengd almannahagsmunum sbr. starfslið d) í 7. tl. 1. mgr. 1. gr. laga um endurskoðendur nr. 79/2008, sbr. 14. tl. 1. mgr. 2. gr. laga nr. 3/2006 um ársreikninga. Á árinu 2018 var meðalfjöldi stöðugilda 212 hjá samstæðunni.

Heimilisfang og höfuðstöðvar:
Vátryggingafélag Íslands hf.
Ármúla 3
108 Reykjavik

VÍS sem vátryggingafélag lýtur eftirliti Fjármáleftirlitsins (FME) og er starfsleyfisskylt.
PricewaterhouseCoopers ehf., Skógarhlíð 12, 105 Reykjavík, kt. 690681-0139, var endurskoðunarfélag VÍS á árinu 2018, skv. ákvörðun aðalfundar. Tengiliðir eru Kristinn Kristinsson, Magnús Vignisson og Sólveig Erlendsdóttir.

VÍS starfar fyrst og fremst á innanlandsmarkaði og hefur engar starfsstöðvar erlendis. Tilgangur félagsins er rekstur vátryggingastarfsemi, þar á meðal endurtryggingastarfsemi, önnur en líftryggingastarfsemi, bæði á Íslandi og erlendis. Félaginu er einnig heimil hliðarstarfsemi sem er í samræmi við ákvæði laga um vátryggingastarfsemi hverju sinni, s.s. rekstur fasteigna, lánastarfsemi og kaup og sala verðbréfa. Þrátt fyrir að félagið reki ekki líftryggingastarfsemi er því heimilt að eiga beinan eða óbeinan hlut í líftryggingafélagi, hvort sem um yfirráð er að ræða eða ekki.

Líftryggingafélag Íslands hf. (Lífís) er dótturfélag VÍS en beinn eignarhlutur er 99,9%. Lífís er starfrækt af VÍS á grundvelli þjónustusamnings þess efnis að VÍS leggur Lífís til aðstöðu og þjónustu til að viðhalda eðlilegum og skilvirkum rekstri og nær þjónusta VÍS til allra þátta í rekstri Lífís, þ.á.m. lykilstarfssviða skv. Solvency II og innra eftirlits.

VÍS hefur verið skráð á Aðalmarkað Kauphallar Íslands síðan 2013. Í lok árs 2018 voru hluthafar félagsins 635 talsins. Um 42% hluta voru í eigu lífeyrissjóða, 16% í eigu erlendra sjóða, 9% í eigu innlendra sjóða, 21% í eigu annarra lögaðila, 6% í eigu banka og 6% í eigu einstaklinga. Enginn hluthafi VÍS á meira en 10% í félaginu.

Félagið býður vátryggingar í eftirfarandi flokkum á innanlandsmarkaði:

- Sjúkrakostnaðartryggingar
- Almennar slysa- og sjúkratryggingar
- Slysatryggingar launþega
- Lögboðnar ökutækjatryggingar
- Frjálsar ökutækjatryggingar
- Sjó- og farmtryggingar
- Eignatryggingar
- Ábyrgðartryggingar
- Efndatryggingar
- Heilsutryggingar
- Líftryggingar

Félagið hefur tekið að sér áhættur í eftirfarandi flokkum erlendis:

- Almennar slysa- og sjúkratryggingar
- Sjó-, flug- og farmtryggingar
- Eignatryggingar
- Líf- og heilsutryggingar
- Tjón á munum og fólki (Casualty tryggingar)
- Ábyrgðartryggingar

Um er að ræða endurtryggingar fyrir vátryggingafélög í Noregi, Svíþjóð, Þýskalandi, Bretlandi og Guernsey.

VÍS er með um þriðjungs markaðshlutdeild á sviði skaða-trygginga á Íslandi og er einnig með um fimmtungshlut í íslenska líftryggingamarkaðnum í gegnum dótturfélag sitt Lífís. Samkeppnisstaða félagsins er nokkuð sterk og hafa ekki orðið veigamiklar breytingar á markaðshlutdeild þess undanfarin ár.

Félagið ákvað á árinu að endurskipuleggja og einfalda fyrirkomulag þjónustu við viðskiptavini þannig að aukin áhersla sé lögð á stafrænar lausnir. Í kjölfarið voru þjónustuskrifstofur félagsins víðsvegar um landið sameinaðar í sex þjónustuskrifstofur á Selfossi, Egilsstöðum, Akureyri, Sauðárkróki, Ísafirði og Reykjavík.

Á árinu tóku gildi ný lög um persónuvernd og vinnslu persónuupplýsinga nr. 90/2018, en félagið hefur unnið að innleiðingu efnis laganna, sem byggja á reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins nr. 2016/678 um vernd einstaklinga í tengslum við vinnslu persónuupplýsinga og um frjálsa miðlun slíkra upplýsinga (General Data Protection Regulation). Félagið telur sig hafa innleitt úrræði sem uppfylla flestar þær kröfur sem settar eru fram í lögunum, og mun halda áfram á árinu 2019 við að tryggja fullnægjandi innleiðingu. Á árinu tóku einnig gildi lög um aðgerðir gegn peningaþvætti og fjármögnun hryðjuverka nr. 140/2018, sem byggja á fjórðu peningaþvættistilskipun Evrópusambandsins nr. 2015/849/EB og völdum ákvæðum úr fimmtu peningaþvættistilskipun Evrópusambandsins nr. 2108/843/EB. Samkvæmt gildissviði laganna þá falla líftryggingafélög samkvæmt lögum um vátryggingastarfsemi undir gildissvið þeirra. Félagið vinnur að innleiðingu laganna. Á árinu 2018 voru gerðar breytingar á lögum um ársreikninga nr. 3/2006, og er nú öllum félögum, sem er skylt að kjósa endurskoðanda eða endurskoðunarfyrirtæki, skylt að endurskoðendur sitji aðalfundi. Fram að lagabreytingunni var það eingöngu í félögum sem hafa hlutabréf eða skuldabréf sín skráð á skipulegum verðbréfamarkaði þar sem endurskoðanda var skylt að sitja aðalfundi. Aðrar lagabreytingar sem hafa áhrif á starfsemi félagsins eru lög nr. 151/2018 um breytingar á þinglýsingarlögum, þar sem lagður er grunnur að rafrænum þinglýsingum og lög um afleiðuviðskipti, miðlæga mótaðila og afleiðuviðskiptaskrá, nr. 15/2018. Auk þess hefur félagið á árinu 2018 unnið að því að innleiða kröfur ýmissa nýrra og væntanlegra laga í starfsemi félagsins.

Fyrirhugaðar breytingar á árinu 2019 eru breytingar á lögum um vátryggingasamninga nr. 30/2004 og ný lög um dreifingu vátrygginga. Með frumvörpunum verða ákvæði tilskipunar um dreifingu vátrygginga nr. 2016/97/EB innleidd í lög. Frumvarp til nýrra laga um ökutækjatryggingar hefur verið lagt fram á Alþingi og munu ný lög líklega taka gildi 1.janúar 2020.

A.2 Afkoma af vátryggingastarfsemi

Samstæðunni er skipt í þrjá rekstrarstarfsþætti: Skaðatryggingarekstur, líftryggingarekstur og fjármálarekstur samkvæmt skipulagi og innri upplýsingagjöf samstæðunnar.

Afkoma starfsþáttanna fyrir árið 2018 var eftirfarandi (þ.kr):

2018	Skaðatrygginga-rekstur	Líftrygginga-rekstur	Fjármála-rekstur	Samtals
Iðgjöld ársins	21.378.389	1.330.298	0	22.708.687
Hluti endurtryggjenda í iðgjaldatekjum	-543.867	-251.293	0	-795.161
Fjárfestingatekjur	1.105.056	39.922	1.681.719	2.826.697
Aðrar tekjur	118.970	0	0	118.970
Heildartekjur	22.058.547	1.118.927	1.681.719	24.859.194
Tjón ársins	-16.954.575	-460.199	0	-17.414.774
Hluti endurtryggjenda í tjónum	454.370	141.933	0	596.303
Breyting á áhættuálagi	61.208	884	0	62.092
Rekstrarkostnaður	-4.451.271	-350.674	-654.349	-5.456.294
Vaxtagjöld	0	0	-232.343	-232.343
Virðisrýrnun viðskiptakrafna	0	0	-38.746	-38.746
Rekstrarafkoma starfsþátta	1.168.279	450.871	756.281	2.375.431
Tekjuskattar				-314.569
Hagnaður ársins				2.060.862

Afskriftir meðal starfsþáttar skaðatrygginga eru 176 milljónir króna og fjármálarekstrar 2 milljónir króna. Fjárfestingar meðal starfsþáttarins skaðatrygginga eru 939 milljónir króna og meðal starfsþáttarins fjármálarekstrar 6 milljónir króna.

Afkoma starfsþáttanna fyrir árið 2017 var eftirfarandi (þ.kr):

2017	Skaðatrygginga-rekstur	Líftrygginga-rekstur	Fjármála-rekstur	Samtals
Iðgjöld ársins	19.331.406	1.196.197	0	20.527.603
Hluti endurtryggjenda í iðgjaldatekjum	-488.655	-198.726	0	-687.381
Fjárfestingatekjur	964.742	33.395	351.628	1.349.766
Aðrar tekjur	137.571	0	0	137.571
Heildartekjur	19.945.064	1.030.867	351.628	21.327.558
Tjón ársins	-13.526.049	-470.071	0	-13.996.121
Hluti endurtryggjenda í tjónum	-697.336	138.360	0	-558.976
Breyting á áhættuálagi	202.952	-6.639	0	196.313
Rekstrarkostnaður	-3.983.417	-343.407	-621.648	-4.948.472
Vaxtagjöld	0	0	-187.088	-187.088
Virðisrýrnun viðskiptakrafna bakfærð	0	0	-94.870	-94.870
Rekstrarafkoma starfsþátta	1.941.214	349.110	-551.977	1.738.346
Tekjuskattar				-412.527
Hagnaður ársins				1.325.819

Iðgjöld ársins voru 22.709 milljónir króna og jukust um 11% á milli ára. Eigin tjón voru 16.818 milljónir króna og jukust um 15% frá fyrra ári. Vátryggingarekstur ársins litast af tveimur stórtjónum á fyrri hluta ársins, annars vegar í húsnæði Geymslna í Miðhrauni og hins vegar í Perlunni sem telja um 2,6% í samsettu hlutfalli. Samsett hlutfall ársins var 98,7% samanborið við 95,3% árið 2017 og er áfram í samræmi við áætlun um samsett hlutfall undir 100%.

Skaða- og líftryggingarekstur mynda vátryggingarekstur sem greinist þannig:

2018	Iðgjöld ársins	Tjón ársins	Breyting á áhættuálagi	Rekstrar-kostnaður	Til endur-tryggjenda	Fjárfestinga-tekjur	Aðrar tekjur	Hagnaður
Eignatryggingar	4.630.043	-4.330.616	-17.906	-1.074.638	200.181	145.078	50.799	-397.059
Sjó- og farmtryggingar	593.537	-227.611	13.903	-128.529	-80.214	16.783	2.547	190.416
Lögboðnar ökutækjatryggingar	7.906.438	-6.522.608	12.918	-1.557.358	-36.324	512.410	57.191	372.667
Aðrar ökutækjatryggingar	3.447.474	-2.460.604	7.777	-662.234	-2.471	79.850	4.054	413.846
Almennar ábyrgðatryggingar	1.276.223	-581.864	13.877	-313.826	-127.404	129.928	1.514	398.449
Slysa og sjúkratryggingar	2.352.018	-1.786.503	11.410	-529.985	-42.016	197.298	2.865	205.086
Líftryggingar	664.668	-206.571	-3.502	-187.032	-32.737	19.047	0	253.873
Heilsutryggingar	665.630	-253.628	4.387	-163.642	-76.623	20.875	0	196.999
Frumtryggingar alls	21.536.031	-16.370.005	42.864	-4.617.244	-197.608	1.121.269	118.970	1.634.277
Erlendar endurtryggingar	1.172.656	-1.044.769	19.229	-184.701	-1.249	23.709	0	-15.126
Samtals	22.708.687	-17.414.774	62.093	-4.801.945	-198.857	1.144.978	118.970	1.619.152

2017	Iðgjöld ársins	Tjón ársins	Breyting á áhættuálagi	Rekstrar-kostnaður	Til endur-tryggjenda	Fjárfestinga-tekjur	Aðrar tekjur	Hagnaður
Eignatryggingar	4.394.773	-2.767.158	25.515	-969.991	-252.509	124.307	74.736	629.673
Sjó- og farmtryggingar	573.898	-363.398	8.016	-122.813	-79.565	14.996	3.933	35.067
Lögboðnar ökutækjatryggingar	6.914.743	-5.536.051	59.945	-1.376.990	-39.019	457.323	45.871	525.822
Aðrar ökutækjatryggingar	3.094.930	-2.251.412	8.372	-587.017	-2.657	68.721	6.130	337.067
Almennar ábyrgðatryggingar	1.147.186	-124.376	42.161	-263.475	-762.941	113.218	2.144	153.918
Slysa og sjúkratryggingar	2.283.028	-1.796.832	32.180	-477.977	-47.703	174.724	4.757	172.176
Líftryggingar	610.919	-145.146	-3.645	-184.004	-28.951	15.820	0	264.993
Heilsutryggingar	585.278	-324.925	-2.993	-159.403	-31.415	17.575	0	84.116
Frumtryggingar alls	19.604.755	-13.309.299	169.550	-4.141.670	-1.244.760	986.684	137.571	2.202.832
Erlendar endurtryggingar	922.848	-686.822	26.763	-185.154	-1.597	11.453	0	87.490
Samtals	20.527.603	-13.996.121	196.313	-4.326.824	-1.246.357	998.137	137.571	2.290.323

Iðgjaldavöxtur var 10,6% á meðan tjónakostnaður hækkaði um um 15,6% milli ára sem sést í neikvæðri afkomu eignatrygginga sem rekja má til þeirra stórtjóna sem nefnd voru að ofan. Áætlanir félagsins gera ráð fyrir að samsett hlutfall ársins 2019 verði undir 100%, líkt og árið 2018.

	2018	2017
Eigið tjónahlutfall	76,7%	73,4%
Tjónahlutfall	76,7%	68,2%
Rekstrarkostnaðarhlutfall	21,2%	21,1%
Endurtryggingakostnaðarhlutfall	0,8%	6,0%
Samsett hlutfall	**98,7%**	**95,3%**
Fjárfestingateknahlutfall	5,0%	4,9%
Hlutfall annarra tekna af vátryggingarekstri	0,5%	0,7%

A.3 Afkoma af fjármálastarfsemi

Fjárfestingastarfsemi er önnur meginstoða í rekstri vátryggingafélaga.

Fjárfestingatekjur samanstanda af vaxtatekjum af innlánum og skuldabréfum, arðgreiðslum og gangvirðisbreytingum hlutabréfa og annarra fjáreigna í eigu félagsins.

Fjárfestingatekjur	2018	2017
Vaxtatekjur af bankareikningum	68.327	50.697
Vaxtatekjur af veðskuldabréfum	215.058	78.534
Vaxtatekjur af fjáreignum haldið til sölu	354.281	0
Vaxtatekjur af fjáreignum haldið til gjalddaga	0	185.349
Aðrar vaxtatekjur	388.194	376.974
Fjármunatekjur	**1.025.860**	**691.553**
Gengismunur gjaldmiðla	232.184	-46.322
Gangvirðisbreytingar hlutabréfa	483.924	-495.204
Gangvirðisbreytingar annarra fjáreigna	850.689	872.295
Gangvirðisbreytingar fjáreigna*	**1.334.613**	**377.091**
Hlutdeild i afkomu hlutdeildarfélags	**234.040**	**327.443**
Samtals fjárfestingatekjur	**2.826.697**	**1.349.766**
*Með gangvirðisbreytingu fjáreigna er talinn 170 milljóna króna arður af hlutabréfaeign (2017: 200).		

Rekstrarkostnaður fjárfestinga	2018	2017
Rekstrarkostnaður	-654.349	-621.648
Vaxtagjöld	-232.343	-187.088
Virðisrýrnun viðskiptakrafna	-38.746	-94.870
Samtals rekstrarkostnaður	-925.438	-903.606

Félagið býður viðskiptavinum sínum upp á söfnunarlíftryggingar þar sem fjárfestinga-áhættan er hjá líftryggingataka og teljast þær vaxtatekjur og gangvirðisbreytingar ekki sem fjárfestingatekjur hjá félaginu.

Fjárfestingatekjur félagsins á árinu námu 2.827 m.kr. Eignasafn félagsins tók nokkrum breytingum á árinu en helst má þar nefna að vægi skuldabréfa var aukið í safninu á kostnað hlutabréfa í samræmi við nýja stefnu um fjármagnsskipan. Dregið var úr eignarhlut í Kviku banka í tengslum við við hlutafjárlækkun VÍS en eign félagsins í Kviku er þó áfram stærsta hlutabréfaeign þess. Talsverðar sveiflur voru á eignamörkuðum á árinu og þriðja árið í röð gáfu innlend hlutabréf af sér lakari ávöxtun en skuldabréf. Einnig var afkoma af óverðtryggðum ríkisskuldabréfum undir væntingum. Ávöxtunarkrafa hækkaði nokkuð en verðtryggð ríkisskuldabréf hækkuðu um 8% á árinu og veiktist íslenska krónan í fyrsta skipti frá árinu 2012. Ávöxtun fjárfestingaeigna VÍS var 8,3% árið 2018 sem var umfram áætlanir félagsins fyrir árið.

Á næstu síðu má sjá samanburð á eignasafni félagsins milli ára.

	2018	2017
Eignarhlutar í öðrum félögum		
Skráð í innlendri kauphöll	6.434.237	6.268.010
Skráð í erlendum kauphöllum	0	0
Önnur félög	2.129.326	3.159.936
Samtals	**8.563.563**	**9.427.946**
Ríkistryggð, verðtryggð	2.319.412	364.953
Ríkistryggð, óverðtryggð	5.624.003	5.467.603
Önnur skuldabréf	3.918.344	4.902.936
Skuldabréfasjóðir	6.144.817	2.391.392
Fagfjárfestasjóðir	3.842.514	2.129.989
Samtals	**21.849.090**	**15.256.873**
Fjáreignir haldið til sölu		
Skráð ríkistryggð verðbréf	0	4.759.952
Fjáreignir á gangvirði samtals	**30.412.653**	**29.444.770**
Skuldabréf og aðrar langtímakröfur		
Lán með veði í fasteignum	2.607.908	2.379.069
Eignarhlutur í hlutdeildarfélagi		
Kvika hf	0	2.642.231
Fjárfestingaverðbréf	**33.020.561**	**34.466.070**

A.4 Afkoma annarrar starfsemi

Félagið leigir viðskiptavinum sínum barnabílstóla. Áætlaður fjöldi stóla sem leigður er út á hverju ári er um 6.500. Áætlaðar tekjur af útleigu barnabílstóla eru kr. 57 milljónir og kostnaður er áætlaður kr. 38 milljónir króna.

A.5 Aðrar upplýsingar

Engar aðrar upplýsingar.

B. Stjórnkerfi

B.1 Almennar upplýsingar um stjórnkerfi VÍS

Stjórnarhættir VÍS taka mið af lögum um hlutafélög nr. 2/1995 og þeim skyldum sem lagðar eru á vátryggingafélög samkvæmt lögum um vátryggingastarfsemi nr. 100/2016, svo og öðrum lögum. Vátryggingafélögum ber skv. lögum um vátryggingastarfsemi að fara eftir leiðbeiningum um stjórnarhætti fyrirtækja og samkvæmt staflið d í 9. tl. 1. mgr. 2. gr. laga um ársreikninga nr. 3/2006 teljast vátryggingafélög eining tengd almannahagsmunum.

VÍS fylgir leiðbeiningum Viðskiptaráðs, Samtaka atvinnulífsins og Nasdaq Iceland, um stjórnarhætti fyrirtækja, 5. útgáfu 2015. Stjórnarháttum VÍS er að miklu leyti lýst í stjórnarháttayfirlýsingu félagsins 2018-2019, sem félagið birtir á vefsíðu sinni á sérstöku svæði fyrir fjárfesta, www.vis.is/fjarfestar. Þar má m.a. finna samþykktir félagsins, upplýsingar um stjórnarmenn og nefndarmenn í undirnefndum stjórnar, starfsreglur stjórnar og undirnefnda hennar, fundargerðir hluthafa-funda, siðasáttmála og stefnu um samfélagsábyrgð. Í mars 2014 var VÍS veitt viðurkenning sem fyrirmyndarfyrirtæki í góðum stjórnarháttum af Rannsóknarmiðstöð í stjórnarháttum við Háskóla Íslands. Með viðurkenningunni voru gæði stjórnarhátta félagsins staðfest af óháðum utanaðkomandi aðilum. Framangreind viðurkenning hefur verið endurnýjuð árlega síðan en á síðasta ári var leitað til reyndra erlendra sérfræðinga á sviði stjórnarhátta til þess að veita félaginu dýpri ráðgjöf um tiltekna þætti í stjórnarháttum félagsins og þannig auka gæði þeirra. Afrakstur þeirrar vinnu var kynntur fyrir stjórn félagsins í upphafi ársins 2019, sem stefnt er á að vinna með á næstu misserum og árum, með það að markmiði að stjórnarhættir félagsins verði skilvirkir, þjóni félaginu sem allra best, og standist ströngustu gæðakröfur sem gerðar eru til sambærilegra fyrirtækja á alþjóðavísu. Þá er stefnt að því að afla á ný vottunar sem Fyrirmyndarfyrirtæki í góðum stjórnarháttum á árinu 2019.

Samþykktir
Samþykktir VÍS hafa að geyma reglur fyrir félagið, m.a. um starfsemi þess og uppbyggingu. Þær eru ávallt bindandi fyrir hluthafa og stjórn, sem og utanaðkomandi aðila. Gildandi samþykktir er að finna á fjárfestasíðu á vef félagsins.

Hluthafafundur
Hluthafafundur fer með æðsta vald í málefnum VÍS í samræmi við lög og samþykktir félagsins, en þar fara hluthafar með ákvörðunarvald sitt í málefnum félagsins. Aðalfund VÍS skal halda fyrir lok marsmánaðar ár hvert þar sem tekin eru fyrir mál sem lög og samþykktir félagsins kveða á um. Á aðalfundi er kosin stjórn félagsins, lagður fram endurskoðaður ársreikningur fyrir liðið ár, ákvörðun tekin um ráðstöfun hagnaðar eða taps félagsins, þóknanir til stjórnar og undirnefnda ákveðnar og tillaga stjórnar um starfskjarastefnu lögð fram.

Rétt til þátttöku á hluthafafundum félagsins hafa allir hluthafar, fulltrúar endurskoðunarfélags þess og forstjóri. Samkvæmt lögum um vátryggingastarfsemi er fulltrúum endurskoðunarfélagsins jafnframt skylt að mæta á aðalfund félagsins. Hluthafafundur er lögmætur án tillits til fundarsóknar ef hann er löglega boðaður. Hluthafafundum stjórnar fundarstjóri sem fundurinn kýs og tilnefnir hann fundarritara með samþykki fundarins. Fundarstjóri skal leysa úr öllum atriðum sem snerta lögmæti fundarins og framkvæmd hans samkvæmt samþykktum og lögum. Jafnframt ákveður hann form umræðna, meðferð málefna á fundinum og atkvæðagreiðslur.

Stjórn
Stjórn félagsins skipa fimm einstaklingar en varamenn eru tveir. Varamenn taka sæti í stjórn félagsins í forföllum aðalmanna samkvæmt ákvæðum í starfsreglum stjórnar. Þess skal gætt að kynjahlutfall í stjórn og varastjórn sé sem jafnast og að hlutfall hvors kyns sé aldrei lægra en 40%, sbr. lög um hlutafélög.

Stjórn félagsins stýrir öllum málefnum félagsins milli hluthafafunda með þeim takmörkunum sem leiða af lögum, samþykktum félagsins og starfsreglum stjórnar. Stjórn skal hafa yfirumsjón með starfsemi félagsins og eftirlit með því að skipulag og starfsemi sé jafnan í réttu og góðu horfi. Stjórn skal tryggja að félagið sé rekið á heilbrigðan og eðlilegan hátt með hagsmuni vátryggðra, vátryggingataka, hluthafa og alls samfélagsins að leiðarljósi. Stjórn veitir prókúruumboð. Undirskrift þriggja stjórnar-manna þarf til að skuldbinda félagið. Stjórn skal annast um að eftirlit sé haft með bókhaldi og meðferð fjármuna félagsins.

Stjórn VÍS hefur, eins og lög gera ráð fyrir, sett sér starfsreglur þar sem nánar er kveðið á um störf stjórnar, hlutverk formanns stjórnar, undirbúning og framkvæmd funda, sérstakt hæfi stjórnarmanna og samskipti við hluthafa. Gildandi starfsreglur stjórnar er að finna á fjárfestasíðu á vef félagsins.

Stjórn skal útbúa og staðfesta á stjórnarfundi starfsáætlun stjórnar fyrir næsta reikningsár félagsins. Þar skal m.a. kveðið á um reglulega fundi stjórnar. Var það síðast gert í desember 2018 vegna ársins 2019 en einnig birtir félagið fjárhagsdagatal í samræmi við útgefendareglur Kauphallar Íslands.

Stjórn félagsins kýs sér formann úr sínum hópi, en að öðru leyti skiptir hún með sér verkum eins og þurfa þykir. Enn fremur er kosið um varaformann. Formaður stjórnar er málsvari hennar og kemur fram fyrir hennar hönd varðandi málefni félagsins, nema hún ákveði annað. Einnig kemur formaður fram út á við fyrir hönd félagsins, ásamt forstjóra, í samræmi við það sem almennt tíðkast og eftir aðstæðum hverju sinni. Formaður stjórnar kemur fram fyrir hönd stjórnar gagnvart forstjóra.

Stjórn VÍS hefur frá árinu 2014 staðfest siðasáttmála félagsins árlega. Siðasáttmáli VÍS byggir á hugmyndum starfsmanna félagsins um hvernig þeim beri að haga störfum sínum og lýsir þannig viðhorfum þeirra og væntingum um gæði starfseminnar. Í sáttmálanum er lýst því sambandi sem stjórn og starfsmenn vilja eiga við viðskiptavini, samstarfsmenn, hluthafa, eftirlitsstofnanir, samkeppnisaðila og eftir atvikum samfélagið allt. Sáttmálann má finna á fjárfestasíðu félagsins.

Stjórn félagsins hefur jafnframt sett sér starfsreglur ásamt því að staðfesta starfsreglur undirnefnda stjórnar og siðasáttmála VÍS.

Starfskjarastefna 2019 ásamt starfsreglum um kaupauka var staðfest á aðalfundi.

Á aðalfundi VÍS 22. mars 2018 voru kjörin í stjórn félagsins þau Gestur Breiðfjörð Gestsson, Helga Hlín Hákonardóttir, Jón Sigurðsson, Svanhildur Nanna Vigfúsdóttir og Valdimar Svavarsson.

Allir aðalmenn stjórnar VÍS á árinu 2018 fullnægja þeim skilyrðum sem kveðið er á um í hlutafélagalögum og lögum um vátryggingastarfsemi og hafa gengist undir hæfismat hjá Fjármálaeftirlitinu og staðist það.

Á hluthafafundi 14. desember 2018 voru kjörin í stjórn félagsins þau Gestur Breiðfjörð Gestsson, Vilhjálmur Egilsson, Marta Guðrún Blöndal, Svanhildur Nanna Vigfúsdóttir og Valdimar Svavarsson. Engar breytingar urðu á stjórn félagsins á aðalfundi VÍS 20. mars 2019

Stjórnarformaður félagsins er Valdimar Svavarsson og varaformaður er Vilhjálmur Egilsson.

Ítarlegar upplýsingar um stjórnarmenn má finna í stjórnarháttayfirlýsingu félagsins og á fjárfestasíðu félagsins.

Undirnefndir stjórnar
Stjórn VÍS hefur skipað þrjár undirnefndir, endurskoðunarnefnd, starfskjaranefnd og áhættunefnd. Nefndirnar starfa í umboði og á ábyrgð stjórnar. Einnig er starfandi tilnefningarnefnd sem kjörin er á aðalfundi félagsins.

Í endurskoðunarnefnd VÍS sitja þrír fulltrúar; tveir stjórnarmenn auk löggilts endurskoðanda. Nefndin hefur sett sér starfsreglur sem staðfestar voru af stjórn. Hlutverk nefndarinnar er að hafa eftirlit með vinnuferli við gerð reikningsskila, áhættugreiningu, virkni innri stjórnunar og eftirlits. Hún á að tryggja gæði ársreikninga og annarra fjármálaupplýsinga félagsins og óhæði endurskoðenda þess. Starfsreglur endurskoðunarnefndar má finna á vefsíðu VÍS.

Í starfskjaranefnd sitja þrír stjórnarmenn VÍS. Starfskjaranefnd starfar í samræmi við starfsreglur sem hún setur sér og staðfestar eru af stjórn. Hlutverk starfskjaranefndar er að vera leiðbeinandi fyrir félagsstjórn og framkvæmdastjórn um starfskjör æðstu stjórnenda félagsins og ráðgefandi um starfskjarastefnu, sem tekin skal til endurskoðunar ár hvert og lögð fyrir aðalfund. Nefndin hefur eftirlit með eftirfylgni starfskjarastefnu félagsins. Starfsreglur starfskjaranefndar má finna á vefsíðu VÍS.

Í áhættunefnd sitja þrír stjórnarmenn. Nefndin hefur sett sér starfsreglur sem staðfestar eru af stjórn. Hlutverk áhættunefndar er að vera ráðgefandi fyrir stjórn við mótun áhættustefna og áhættuvilja í tengslum við alla mikilvæga áhættuþætti í starfsemi VÍS. Nefndin skal vera ráðgefandi við framkvæmd innleiðingar á stefnu félagsins um samhæfða áhættustýringu, stefnu um reglufylgni og stefnu um innri stjórnun og eftirlit. Starfsreglur áhættunefndar má finna á vefsíðu VÍS.

Fjöldi nefndarmanna í tilnefningarnefnd eru þrír og eru þeir kjörnir á aðalfundi félagsins. Markmið nefndarinnar er að skapa hluthöfum fullnægjandi forsendur fyrir upplýstri ákvarðanatöku við kjör stjórnar félagsins. Tilnefningarnefnd gegnir ráðgefandi hlutverki við val á stjórnarmönnum. Starfsreglur tilnefningarnefndar má finna á vefsíðu VÍS.

Forstjóri
Stjórn ræður forstjóra að félaginu, setur honum erindisbréf og veitir honum lausn. Gerður skal skriflegur ráðningarsamningur við forstjóra þar sem m.a. skal kveðið á um laun hans og önnur starfskjör. Stjórn getur falið formanni stjórnar að annast samninga við forstjóra.

Forstjóri annast daglegan rekstur félagsins og skal í þeim efnum fara eftir þeirri stefnu og fyrirmælum, sem stjórn hefur gefið. Hinn daglegi rekstur tekur ekki til ráðstafana sem eru óvenjulegar eða mikilsháttar. Slíkar ráðstafanir getur forstjóri aðeins gert samkvæmt sérstakri heimild frá stjórn. Forstjóri skal sjá um að bókhald og fjárreiður séu í samræmi við lög og góðar venjur og að meðferð eigna félagsins sé með tryggilegum hætti.


Forstjóri VÍS útdeilir ábyrgð út frá stöðuumboði sínu til framkvæmdastjóra VÍS sem útdeila hluta af sinni ábyrgð til deildarstjóra sinna.


Forstjóri VÍS er Helgi Bjarnason.

Starfssvið félagsins
Framkvæmdastjórar eru fjórir talsins og aðrir stjórnendur 26. Áhersla er lögð á öfluga þjónustu við viðskiptavini og stafrænar lausnir í því augnamiði að búa fyrirtækið undir þær framtíðaráskoranir sem blasa við.

Skipurit félagsins sýnir hvernig ábyrgð er skipt innan félagsins. Forstjóri og innri endurskoðandi heyra beint undir stjórn félagsins. Undir forstjóra félagsins eru fjögur svið; þjónusta, kjarnastarfsemi, fjárfestingar og rekstur og stafræn þróun. Þá heyra mannauður, og lykilstarfssviðin áhættustýring, tryggingastærðfræðistofa og regluvarsla beint undir forstjóra.

Framkvæmdastjórar fjögurra meginsviða VÍS auk mannauðsstjóra mynda framkvæmdastjórn félagsins með forstjóra.





Þjónusta

Þjónustusvið samanstendur af þjónustu og ráðgjöf, viðskiptastýringu, söludeild og tjónaþjónustu. Sviðið ber ábyrgð á þjónustu, ráðgjöf og sölu líf- og skaðatrygginga til einstaklinga og lögaðila um land allt. Þjónustu við viðskiptavini er sinnt í móttökunni í Ármúla 3, á fimm skrifstofum úti á landi, í gegnum síma, tölvupóst og netspjall. Mikil áhersla er á að þróa stafrænar leiðir til að þjónusta viðskiptavini sem best m.a. við tilkynningu á tjónum. Önnur hlið á þjónustunni er forvarnarstarf með fyrirtækjum meðal annars með árlegri forvarnarráðstefnu.

Framkvæmdarstjóri sviðsins er Hafdís Hansdóttir

Kjarnastarfsemi

Kjarnastarfsemi er skipt í fimm einingar; Einstaklingstryggingar, Lögfræði og persónutjón, Munatjón, Fyrirtækjatryggingar og Áhættumat einstaklinga og útgáfa.

Einstaklingstryggingar fylgjast með og stýra öllum vátryggingavörum félagsins einstaklingsmegin, sinnir vöruþróun og skilmálagerð. Enn fremur heyra málefni Lífís undir eininguna. Greining gagna heyrir undir eininguna, auk þess að auðvelda starfsfólki aðgengi að þeim.

Lögfræði og persónutjón ber ábyrgð á bótaákvörðunum og bótauppgjör í tilteknum tegundum tjónamála, s.s. starfsábyrgðartjónum og líkamstjónum, en er einnig öllum einingum félagsins innan handar varðandi alls kyns lögfræðileg málefni.

Munatjón ber ábyrgð á tjónaskoðunum, bótaákvörðunum, uppgjöri og endurmati á munatjónum auk þess að vera viðskiptavinum félagsins og öðrum starfsmönnum þess til ráðuneytis í öllum málum er tengjast munatjónum.

Fyrirtækjatryggingar fylgjast með og stýra öllum vátryggingavörum félagsins fyrirtækjamegin, sinnir vöruþróun og skilmálagerð.

Enn fremur heyra málefni endurtrygginga og alþjóðlegra tryggingaviðskipta félagsins undir eininguna.

Áhættumat einstaklinga og útgáfa sinnir áhættumati einstaklinga og útgáfu vátrygginga, enn fremur sinnir hún þjónustu og ráðgjöf við aðrar einingar.

Framkvæmdastjóri sviðsins er Ólafur Lúther Einarsson.

Fjárfestingar og rekstur
Sviðinu er skipt upp í Fjárfestingar, Reikningshald og greiðsluþjónustu, Upplýsingatækni og Innkaup.

Fjárfestingar sinna daglegri umsýslu eignasafns félagsins innan fjárfestingastefnu og viðmiða sem sett hafa verið. Fjárfestingar móta fjárfestingastefnu í samráði við forstjóra og er hún samþykkt af stjórn félagsins. Einnig greinir einingin fjárfestingakosti og annast kaup og sölu fjármálagerninga.

Reikningshald og greiðsluþjónusta sinnir daglegu bókhaldi og afstemmingum á reikningshaldi félagsins og innheimtuþjónustu við viðskiptavini félagsins. Einingin sinnir mánaðarlegum uppgjörum til framkvæmda-stjórnar og stjórnar, auk gerðar ársfjórðungslegra uppgjöra sem birt eru á markaði, samskipti við endurskoðendur og gerð ársreiknings. Einingin ber einnig ábyrgð á áætlanagerð og eftirlit með frávikum.

Upplýsingatækni ber ábyrgð á rekstri og þróun upplýsingatæknikerfa og stefnu félagsins í upplýsingatækni. Val og innleiðing nýrra kerfa og heildarhögun upplýsingatækni félagsins er á hendi einingarinnar.

Innkaup sinna daglegum innkaupum á rekstrarvörum auk samninga við birgja til skemmri og lengri tíma.

Framkvæmdastjóri sviðsins er Valgeir Baldursson.

Stafræn þróun
Stafræn þróun vinnur að framþróun á þjónustu til viðskiptavina í gegnum stafrænar lausnir. Sviðið ber ábyrgð á þjónustugáttinni Mitt VÍS og vefsvæði félagsins, www.vis.is. Innan sviðsins er líka markaðsdeild og forvarnarfulltrúi. Samskiptamál, fjárfestatengsl og samfélagsábyrgð falla einnig undir Stafræna þróun.

Framkvæmdastjóri sviðsins er Guðný Helga Herbertsdóttir.

Mannauður
Aðalmarkmið mannauðs er að styðja önnur svið í því að ná markmiðum sínum, starfa eftir stefnu og framtíðarsýn VÍS og stuðla þannig að því að VÍS í heild nái markmiðum sínum. Undir mannauð heyra tvö teymi, mannauðsteymi og umbótastofa.

Mannauðsteymi ber ábyrgð á að að skapa jákvætt og hvetjandi starfsumhverfi fyrir hæft og metnaðarfullt starfsfólk með ánægju starfsmanna að leiðarljósi. Helstu verkefni teymisins eru ráðningar, þjálfun og fræðsla, starfsþróun, ráðgjöf til stjórnenda og starfsmanna og launavinnsla.

Umbótastofa hefur það hlutverk að þróa og ýta undir umbótamenningu og leiða lykilverkefni VÍS með faglegri verkefnastýringu. Teymið styður framþróun félagsins með ráðgjöf um stjórnun og aðferðafræði og styður við stöðugar umbætur á verklagi, verkskipulagi og verkferlum.

Mannauðsstjóri er Anna Rós Ívarsdóttir.

Regluvarsla
Regluvarsla er eitt af lykilstarfssviðum vátryggingafélags samkvæmt lögum nr. 100/2016 um vátryggingastarfsemi. Regluvörður VÍS sinnir regluvörslu samkvæmt lögum um vátryggingastarfsemi auk þess að hafa umsjón með því að reglum Fjármálaeftirlitsins um meðferð innherjaupplýsinga og viðskipti innherja nr. 1050/2012 sé fylgt hjá félaginu. Um regluvörslu skv. lögum um verðbréfaviðskipti nr. 108/2007 gildir sérstakt erindisbréf stjórnar til regluvarðar félagsins. Regluvörður heyrir í skipuriti VÍS undir forstjóra. Regluvarsla er órjúfanlegur hluti innri stjórnunar og eftirlits sem er á ábyrgð stjórnarog vinnur með öðrum lykilstarfssviðum að því að uppfylla þeirra starfsskyldur, þegar við á.

Öryggisstjóri VÍS er ábyrgur, ásamt nefnd um rekstraröryggi, fyrir upplýsingaöryggisstjórnkerfi VÍS og er sem slíkur ábyrgur fyrir heilleika þess. Hann sér einnig til þess að farið sé eftir settum reglum og stöðlum sem styðja upplýsingaöryggisstefnuna og tryggir að starfsfólk hljóti viðeigandi fræðslu. Öryggisstjóri ber ábyrgð á að upplýsingaeignir séu skilgreindar og að öryggi upplýsinga sé tryggt.

Nánar er fjallað um regluvörslu í kafla B.4.

Áhættustýring
Áhættustýring er eitt af lykilstarfssviðum vátryggingafélags samkvæmt lögum nr. 100/2016 um vátryggingastarfsemi. Áhættustýring VÍS sér um að framfylgja þeim ákvæðum sem lögin kveða á um. Áhættustýring heyrir í skipuriti VÍS undir forstjóra. Forstöðumaður áhættustýringar er einn af lykilstarfsmönnum VÍS og skal uppfylla reglur félagsins um hæfi lykilstarfsmanna.
Nánari er fjallað um áhættustýringu félagsins í kafla B.3.

Tryggingastærðfræðistofa
Tryggingastærðfræðistofa er eitt af lykilstarfsviðum vátryggingafélags samkvæmt lögum um vátryggingastarfsemi. Tryggingastærðfræðistofa annast þau störf sem falla undir starfssvið tryggingastærðfræðings samkvæmt lögum nr. 100/2016 um vátryggingastarfsemi auk þess að sinna öðrum hefðbundnum verkefnum tryggingastærðfræðinga.

Nánar er fjallað um Tryggingastærðfræðistofu í kafla B.6

Innri endurskoðun
Innri endurskoðun starfar í umboði stjórnar samkvæmt sérstöku erindisbréfi eða samningi og er óháð annarri starfsemi félagsins. Meðal verkefna innri endurskoðunar er að kanna hvort innri stjórnun og eftirlit félagsins sé fullnægjandi og í samræmi við stefnu og reglur félagsins.

Nánar er fjallað um innri endurskoðun í kafla B.5


B.2 Kröfur um hæfi og hæfni

Hjá félaginu er í gildi stefna um hæfi og hæfni sem sett er af stjórn sbr. reglugerð um vátryggingastarfsemi nr. 940/2018. Í stefnu félagsins eru sértækar kröfur félagsins til annarra starfsmanna en forstjóra, og þeirra starfsmanna sem bera ábyrgð á lykilstarfssviðum, skilgreindar svo sem til framkvæmdastjórnar og forstöðumanns fjárfestinga, sem líka þurfa að fara í hæfismat. Lykilstarfssvið skv. lögum um vátrygginga-starfsemi eru fjögur, ábyrgðarmenn þeirra voru eftirfarandi einstaklingar á árinu 2018:

1. Áhættustýring - Þórir Óskarsson / David Tysk frá 12.apríl 2018
2. Tryggingastærðfræðistofa - Ragnar Þ. Ragnarsson / Þórir Óskarsson frá 12. apríl 2018
3. Innri endurskoðun - Örn Þorbergsson / Lilja Steinþórsdóttir frá 12. apríl 2019
4. Regluvarsla - Helga Jónsdóttir / Margrét Arnheiður Jónsdóttir 12. apríl 2018 / Sigrún Helga Jóhannsdóttir frá 12. nóvember 2018

B.3 Áhættustýringarkerfi

Félagið hefur sett sér stefnu um samhæfða áhættustýringu. Stefnan er samþykkt af stjórn félagsins og nær jafnt til móðurfélagsins VÍS og dótturfélags þess, Lífís. Tilgangur stefnunnar er að tryggja að samstæða VÍS og Lífís hafi skilvirkt kerfi áhættustýringar. Í því felst að greina, mæla, stjórna og hafa eftirlit með áhættum félagsins. Markmið stefnunnar er að setja og skilgreina með skýrum og einföldum hætti áhættustefnu, meginreglur, stjórnskipulag, áhættuvilja og áhættustýringarkerfi, þ.m.t. heimildir til ákvarðanatöku félagsins. Í stefnunni er enn fremur fjallað um skipulag og framkvæmd áhættustýringar innan samstæðunnar, áhættuvilja, tilgreiningu áhættuþátta, skýrslu- og upplýsingagjöf og skyldur starfsmanna félagsins til að stuðla að framgangi stefnunnar.



Stjórn setur umgjörð samhæfðrar áhættustýringar og skriflega stefnu um áhættustýringu, ber ábyrgð á að tryggja innleiðingu áhættustefna og að þeim sé fylgt.

Stjórn ákvarðar áhættuvilja, þ.m.t. viðmið, markmið og mörk félagsins ásamt því að setja forstjóra umgjörð í samræmi við þau stefnumið sem stjórnin samþykkir.

Áhættunefnd stjórnar er undirnefnd stjórnar félagsins, hún er skipuð af stjórn og nefndin svarar beint til stjórnar.

Hlutverk hennar er að vera ráðgefandi fyrir stjórn og aðstoða stjórn við að sinna verkefnum tengdum áhættustýringu, innra eftirliti og regluvörslu, en nefndin tekur ekki sjálfstæðar ákvarðanir fyrir hönd stjórnar.

Forstjóri ber ábyrgð á innleiðingu á áhættustefnum félagsins og að þeim sé fylgt. Forstjóri skal leggja fyrir stjórn upplýsingar um áhættutöku félagsins sem er á mörkum þess að rúmast innan áhættuviljans og upplýsa stjórn án tafar ef áhættur eða áhættutökur fara út fyrir mörk áhættuviljans.

Félagið hefur sett sér stefnur um sex veigamiklar áhættur sem eru hluti af stefnu félagsins um samhæfða áhættustýringu. Þessar stefnur eru allar samþykktar af stjórn og endurskoðaðar árlega.

Í hverri stefnu er gerð grein fyrir hver ber ábyrgð á því að framfylgja stefnunni, þ.e. stjórn, forstjóri, áhættustýring og sú nefnd eða ráð sem skal sjá um framkvæmd stefnunnar. Þar er áhættunni lýst og fjallað um stýringu hennar.

Hlutverk innri áhættunefndar er að hafa eftirlit með áhættustefnum félagsins og vera ráðgefandi vegna áhættustýringarkerfisins, þ.m.t. mótun stefna og ORSA. Nefndin tekur ekki sjálfstæðar ákvarðanir. Forstjóri skipar nefndarmenn úr hópi framkvæmdastjórnar og lykilstarfssviða. Nefndarmenn skulu að lágmarki vera þrír, en forstöðumaður áhættustýringar er formaður nefndarinnar.

Áhættustýring skilar reglulega skýrslu til áhættunefndar stjórnar og upplýsir stjórn og forstjóra um málefni eftir því sem þurfa þykir.

Hlutverk fjárfestingaráðs er að stjórna og hafa eftirlit með fjárfestingum félagsins. Nefndarmenn eru skipaðir af forstjóra og skulu að lágmarki vera þrír. Forstöðumaður áhættustýringar á rétt á að sitja fundi, en hefur ekki atkvæðisrétt.

Hlutverk vátryggingaráðs er að stjórna og hafa eftirlit með vátryggingaáhættu félagsins. Nefndarmenn eru skipaðir af forstjóra og skulu að lágmarki vera þrír. Forstöðumaður áhættustýringar er nefndarmaður, en hefur ekki atkvæðisrétt.

Áhættustýring er ráðgefandi fyrir stjórn um ákvörðun áhættuvilja en stjórn hefur ákveðið áhættuvilja félagsins í formi gjaldþolshlutfalls.

Eigið áhættu- og gjaldþolsmat
Félagið hefur sett sér stefnu um eigið áhættu- og gjaldþolsmat, ORSA.

Niðurstöður ORSA veita stjórn og stjórnendum upplýsingar um áhættusnið og fjárhagsþörf félagsins miðað við gefnar forsendur. Því skal hafa niðurstöðurnar til hliðsjónar við allar stefnumarkandi ákvarðanir í félaginu, við gerð viðskipta- og rekstraráætlana, fjárstýringu og þróun nýrra vara.

ORSA skýrsla félagsins sem skilað var í lok árs 2018 skýrir frá hvernig félagið ákvarðaði heildargjaldþolskröfu sína.

B.4 Innri stjórnun og eftirlitskerfi

Stjórn VÍS samþykkti árið 2014 stefnu um innri stjórnun og eftirlit sem jafnframt eru reglur félagsins um innra eftirlit. Stefnan er í innleiðingarferli hjá félaginu. Byggir stefnan á líkani COSO (Committee of Sponsoring Organisations of the Treadway Commission) um innri stjórnun og eftirlit (Internal Control – Integrated Framework) sem gefið var út í maí 2013.

Endurskoðunarnefnd er undirnefnd stjórnar og hefur eftirlit með fyrirkomulagi og virkni innra eftirlits, sbr. 2. tl. 108. gr. b. laga um ársreikninga 3/2006.

Í eftirlitsumhverfi félagsins eru til staðar þrjár varnarlínur sem eiga að vinna gegn þeirri áhættu að félagið nái ekki markmiðum sínum:

Varnarlína 1:
Stjórnendur og starfsmenn mynda fyrstu varnarlínu, með daglegum störfum sínum og eftirlitsaðgerðum, þ.á m. með frávikaskráningu.

Varnarlína 2:
Áhættustýring, tryggingastærðfræðistofa, regluvarsla og upplýsingaöryggi mynda aðra varnarlínu.

Varnarlína 3:
Innri endurskoðun myndar þriðju varnarlínu.

Ferlar innra eftirlits
COSO hefur skilgreint 17 meginreglur um innri stjórnun og eftirlit sem félagið leggur áherslu á að fylgja í starfsemi sinni. Í stefnu/reglum VÍS um innri stjórnun og eftirlit eru þessar meginreglur tilteknar og með hvaða hætti félagið leggur áherslu á þær.

Innri stjórnun og eftirlit er ferli sem er mótað af stjórn félagsins, stjórnendum þess og starfsmönnum og er ætlað að veita hæfilega vissu um og stuðla að því að félagið nái markmiðum sínum um:
- Árangur og skilvirkni í starfseminni (rekstrartengd markmið).
- Að fjárhagsupplýsingar séu áreiðanlegar (markmið um réttar fjárhagsupplýsingar).
- Að fylgt sé lögum og reglum í hvívetna (markmið um að starfsemi sé í samræmi við lög og reglur).

Innri stjórnun og eftirlit birtist m.a. í verklagsreglum félagsins, starfsháttum, siðareglum og öðrum starfsmannareglum. Innra eftirlit er eðlilegur hluti af starfsemi félagsins og er samtvinnað rekstri þess.

Starfsemi regluvörslu - Stefna um reglufylgni
Regluvarsla er ráðgefandi fyrir stjórn og forstjóra þegar kemur að því að tryggja fylgni við lög og reglugerðir sem gilda um starfsemi félagsins, auk fylgni við innri stefnur og reglur þess. Í því skyni gætir regluvarsla m.a. að því að verklagsreglur, verkferlar og starfshættir félagsins séu í samræmi við lög og reglur, t.d. með greiningu á lagalegum frávikum og eftirfylgni vegna lagalegra frávika. Regluvarsla starfar samkvæmt stefnu VÍS um reglufylgni. Reglufylgni er eitt af þremur markmiðum innri stjórnunar og eftirlits og skapar virði fyrir félagið.

B.5 Innri endurskoðun

Innri endurskoðun er hluti af skipulagi félagsins og þáttur í eftirlitskerfi félagsins. Innri endurskoðun starfar í umboði stjórnar samkvæmt sérstöku erindisbréfi eða samningi og er óháð annarri starfsemi félagsins.
Erindisbréf innri endurskoðunar er byggt á stefnu félagsins um innri endurskoðun en þar er fjallað um:

- Hlutverk og markmið.
- Ábyrgð, skyldur og verkefni innri endurskoðunar.
- Heimildir.
- Faglega staðla.

Endurskoðunarnefndir VÍS og Lífís eru undirnefndir stjórna félaganna. Verkefni endurskoðunarnefnda eru skilgreind í lögum og í starfsreglum endurskoðunarnefnda. Innri endurskoðun starfar náið með endurskoð-unarnefnd að þeim þáttum sem heyra undir nefndina.

Innri endurskoðun félagsins ber að veita óháð og hlutlægt mat á starfsemi þess og ráðgjöf sem miðar að því að auka virði þess og bæta rekstur. Starfsemin miðast við að efla virkni áhættustýringar, innra eftirlits og stjórnarhátta og vera í samræmi við skilgreiningu á innri endurskoðun samkvæmt alþjóðlegum stöðlum um innri endurskoðun (IPPF International Professional Practices Framework).

B.6 Tryggingastærðfræðistofa

Tryggingastærðfræðistofa annast þau störf sem falla undir starfssvið tryggingastærðfræðings samkvæmt lögum 100/2016 um vátryggingastarfsemi auk þess að sinna öðrum hefðbundnum verkefnum tryggingastærðfræðinga.

B.7 Útvistun

Markmið með útvistun er að auka sveigjanleika í rekstri félagsins, gera kostnað sýnilegan og breytilegan í takt við umsvif þess, auka þjónustugæði og tengja kostnað við ýmsar stoðþjónustur við markmið og árangur af veitingu þjónustunnar.


Félaginu er heimilt að útvista verkefnum sínum en ekki þáttum sem teljast til kjarnastarfsemi né stjórnunarlegri ábyrgð nema að um séu að ræða 100% eignartengsl og að slík útvistun stríði ekki gegn góðum viðskiptaháttum og sé í samræmi við lög og reglur. Til kjarnastarfsemi félagsins telst vöruþróun og verðlagning á vátryggingarvörum, tjónavinnsla og stjórnkerfi þess.

B.8 Aðrar upplýsingar


Engar aðrar upplýsingar.

C. Áhættusnið

Áhættusniði félagsins er stjórnað í samræmi við áhættuvilja félagsins í formi gjaldþolshlutfalls, þ.e. hlutfall milli gjaldþols og gjaldþolskrafna.




Áhættuvilji félagsins er gjaldþolshlutfall á bilinu 1,35 – 1,70.




Gjaldþolshlutfall félagsins án arðgreiðslu er 1,60 en að teknu tilliti til arðgreiðslu er hlutfallið 1,40 í árslok 2018. Gjaldþolskröfur eru áhættumiðaðar og reiknaðar með staðalreglu laga 100/2016 um vátryggingastarfsemi (Solvency II).


C.1 Vátryggingaáhætta

Vátryggingaáhætta er ein af veigamiklum áhættum í félaginu. Hún er hættan á tapi eða óhagstæðum breytingum á virði vátryggingaskuldbindinga vegna ófullnægjandi verðlagningar eða vátryggingaskuld. Vátryggingaáhætta skiptist í líf-, heilsu- og skaðatryggingaáhættu. Þættir sem geta haft áhrif á vátryggingaáhættu eru sala vátrygginga, áhættumat, vöruþróun og verðlagning og afgreiðsla tjóna. Mælikvarðar sem skoðaðir eru m.t.t. vátryggingaáhættu eru m.a. tjónshlutfall og tjónatíðni. Áhættumat fer fram við töku trygginga, mismunandi eftir eðli og umfangi vátryggingategunda. Álagspróf eru unnin í tengslum við eigið áhættu- og gjaldþolsmat og oftar ef þörf þykir.





Félagið kaupir endurtryggingavernd til að lágmarka áhættu sína í stórum tjónum og tjónsatburðum. Félagið hefur sett sér verklagsreglur um endurtryggingar þar sem m.a. kemur fram krafa um lánshæfiseinkunnir endurtryggjenda auk þess sem sett eru mörk um fjölda endurtryggjenda í hverjum samningi og hámark áhættu hjá einum endurtryggjanda.




C.2 Markaðsáhætta

Markaðsáhætta er hættan á tapi eða óhagstæðum breytingum á fjárhagslegri stöðu, sem stafa beint eða óbeint af sveiflum á virði eða flökti markaðsvirðis eigna, skuldbindinga og fjármálagerninga.


Stefnumótun um stýringu á markaðsáhættu fer fyrst og fremst fram við endurskoðun á stefnu um fjárfestingar og samsetningu eignaflokka í eignasafni. Við gerð þeirrar stefnu er tekið mið af áhættuvilja samstæðunnar, væntingum um ávöxtun eigna og sögulegri greiningu á ávöxtun. Horft er til núverandi eignasafns og þess umhverfis og þeirra takmarkana sem taka þarf mið af. Með markvissri stýringu á eignasafni er hægt að jafna sveiflur og lágmarka áhættu tengda breytingu á markaðsvirði eigna félagsins. Til markaðsáhættu teljast eftirfarandi áhættuþættir:

- Vaxtaáhætta
- Hlutabréfaáhætta
- Fasteignaáhætta
- Vikáhætta
- Gjaldmiðlaáhætta
- Samþjöppunaráhætta

Fylgst er með þessum áhættuþáttum reglulega og mánaðarlega er gjaldþolskrafa vegna markaðsáhættu reiknuð með aðferðum staðalreglu laga nr. 100/2016. Veigamesti þáttur markaðsáhættu liggur í hlutabréfaeign félagsins. Þess má geta að notast er við hlutdeildaraðferð við uppgjör móðurfélagsins og því dregur saman með þeirri hlutabréfaeign sem fellur undir hlutabréfaáhættu í staðalreglunni (sjá töflu neðst á bls. 24).



Markaðsáhætta í árslok 2018 er að baki 31% af gjaldþolskröfum félagsins og hefur lækkað milli ára, en hlutfallið var 36% í lok árs 2017. Dreifing markaðsáhættu milli áhættuþátta helst nokkuð svipuð milli ára, en helsta breytingin er sú að dregið hefur verið markvisst úr hlutabréfaáhættu á árinu. Samþjöppunaráhætta lækkaði einnig en á móti hefur vaxtaáhætta og vikáhætta hækkað sökum breyttrar samsetningar eignasafns félagsins. Þrátt fyrir lækkunina er þó hlutabréfaáhætta áfram stærst allra áhættuþátta undir hatti markaðsáhættu og er að baki 62% hennar en var 65% í árslok 2017. Samþjöppunaráhætta er 12% af gjaldþolskröfu vegna markaðsáhættu.



Varfærnisregla

Stefna um fjárfestingar er sett í samræmi við lög um vátryggingastarfsemi nr. 100/2016. Félagið sér til þess að eignasamsetning þess sé í samræmi við varfærnisregluna (PPP). Félaginu er einungis heimilt að hafa í eignasafni sínu eignir og fjármálagerninga sem félagið getur greint, mælt, fylgst með, stjórnað og meðhöndlað og brugðist við áhættu með viðeigandi hætti. Tekið er tillit til heildargjaldþolsþarfar félagsins.

Samsetning eigna félagsins, einkum þeirra sem mæta lágmarksfjármagni og gjaldþolskröfu, er með þeim hætti að öryggi, gæði seljanleiki og arðsemi þeirra sé tryggð. Eignir sem notaðar eru til að mæta vátryggingaskuld skulu þar að auki vera í samræmi við eðli og líftíma vátryggingaskuldbindinga.

2018	**VÍS móðurfélag**	**Lífís dótturfélag**	**Samstæðan**
Eignir sem falla undir hlutabréf í staðalreglu	13.188.468.476	10.732.853	11.616.181.955
2017	**VÍS móðurfélag**	**Lífís dótturfélag**	**Samstæðan**
Eignir sem falla undir hlutabréf í staðalreglu	12.527.238.330	425.491.236	11.673.272.510


Til að lágmarka áhættu af hlutabréfaeign eru sett mörk í stefnu um fjárfestingar:

- Hámark á vægi hlutabréfa í eignasafni félagsins
- Hámarkseignarhlut í skráðum og óskráðum innlendum hlutabréfum
- Hámark í hlutabréfasjóðum sem hlutfall af hlutabréfaeign
- Hámark á einn útgefanda

Félagið kaupir framvirka samninga til að draga úr gjaldmiðlaáhættu félagsins. Hluti af vátryggingastarfsemi félagsins er í erlendri mynt, þar helstar GBP, USD og EUR. Samningarnir eru gerðir til að draga úr þeirri áhættu sem því fylgir að vera með eignir og skuldir í viðkomandi gjaldmiðli.

C.3 Mótaðilaáhætta

Rekstur félagsins byggir á tveimur stoðum, vátrygginga- og fjárfestingastarfsemi og er áhættu gagnvart mótaðila að finna í hvorri starfsemi fyrir sig.



Helstu þættir mótaðilaáhættu eru:

- Hættan á tapi eða ófyrirséðri breytingu á fjárhagsstöðu, sem stafar af lækkun á lánshæfismati (e. rating) mótaðila
- Hættan á lækkun á lánshæfismati útgefenda skuldabréfa (e. spread risk)
- Hættan á að mótaðili geti ekki staðið við þær skuldbindingar sem samningar segja til um, þ.m.t. viðskiptakröfur

Mælikvarði mótaðilaáhættu er lánshæfismat mótaðila og fer val mótaðila eftir því.

Fylgst er reglulega með mótaðilaáhættu samstæðunnar.

Eins og áður segir er helsta mótaðilaáhættan fólgin í lækkkun lánshæfismats mótaðila sem hefði bein áhrif á gjaldþolskröfu félagsins. Félagið notar endurtryggingar til áhættuvarna og semur aðeins við endurtryggjendur með gott lánshæfismat til að tryggja þá áhættu félagsins að einn einstakur atburður geti sett fjárhag félagsins í hættu.

Mótaðilaáhætta í árslok 2018 er 12% af gjaldþolskröfu félagsins samanborið við 10% í lok árs 2017.

C.4 Lausafjáráhætta

Lausafjáráhætta er hættan á að samstæðan hafi ekki yfir nægum lausum fjármunum að ráða eða geti ekki selt eignir í tæka tíð til að mæta fjárhagslegum skuldbindingum sínum þegar við á.
Reglulega er fylgst með stöðu lausafjár, þróun sem orðið hefur og hvaða áhrif staða markaða og framtíðarhorfur hafa. Sérstök áhersla er lögð á að til sé laust fé til að mæta þeim hluta tjónaskuldar sem væntanlegur er til greiðslu hverju sinni sem og öðrum skuldum. Markmið um laust fé samstæðunnar dugar mjög vel til þess að standa straum af væntu fjárútstreymi. Samstæðan hefur með stefnu sinni um lausafé sett sér stefnu um lágmarks handbært fé á hverjum tíma auk þess sem stóran hluta heildareignar hennar er hægt að innleysa tafarlaust.

C.5 Rekstraráhætta

Rekstraráhætta er öll áhætta sem er bundin við almennan rekstur félagsins og er skilgreind sem hætta á beinu og óbeinu tapi vegna ófullnægjandi eða gallaðra innri kerfa eða ferla, háttsemi starfsmanna eða ytri þátta, eins og lög.

Helstu þættir rekstraráhættu eru:

- Skipulag
- Skjölun og samningsgerð
- Upplýsingatækni
- Starfsfólk
- Ytri atburðir

Undir rekstraráhættu fellur einnig stjórnunaráhætta og ytri áhætta, þar með talin reglufylgniáhætta og samstæðuáhætta.

Stefna félagsins er að draga úr rekstraráhættu að teknu tilliti til kostnaðar við fyrirbyggjandi aðgerðir.

C.6 Aðrar veigamiklar áhættur

Við mat á heildarfjárhagsþörf félagsins til skemmri og lengri tíma eru aðrar áhættur metnar eins og t.d. viðskipta- og stefnumótunaráhætta.

C.7 Aðrar upplýsingar

Engar aðrar upplýsingar.

D. Verðmat vegna gjaldþols

D.1 Eignir

Eignir eru skráðar meðal rekstrarfjármuna þegar líklegt er að hagrænn ávinningur tengdur eigninni muni nýtast samstæðunni og hægt er að meta kostnað vegna eignarinnar með áreiðanlegum hætti. Rekstrarfjármunir eru færðir á upphaflegu kostnaðarverði að frádregnum uppsöfnuðum afskriftum og virðisrýrnun. Kostnaðarverð rekstrarfjármuna samanstendur af kaupverði og öllum beinum kostnaði við að koma eigninni í tekjuhæft ástand. Rekstrarfjármunir eru færðir samkvæmt kostnaðarverðsaðferð að frádregnum uppsöfnuðum afskriftum og virðisrýrnun. Afskriftir eru færðar á kerfisbundinn hátt á áætluðum nýtingartíma eignarinnar að teknu tilliti til vænts hrakvirðis. Afskriftaraðferð, áætlaður nýtingartími og hrakvirði er endurmetið að minnsta kosti árlega.

Hugbúnaður er eignfærður á kostnaðarverði að frádregnum afskriftum og virðisrýrnun. Kostnaðarverð hugbúnaðar samanstendur af kaupverði hans og öllum beinum kostnaði við að koma honum í notkun. Hugbúnaður er afskrifaður línulega á 3 til 10 árum frá því hann er tekinn í notkun.

Fjáreignir samstæðunnar skiptast í fjáreignir á gangvirði gegnum rekstrarreikning, fjáreignir haldið til gjalddaga og lán og kröfur. Fjáreignir eru færðar á gangvirði við upphaflega skráningu í bókhald að teknu tilliti til viðskiptakostnaðar þegar um er að ræða fjármálagerninga, sem ekki eru færðir á gangvirði eftir upphaflega skráningu. Eftir upphaflega skráningu eru fjáreignir á gangvirði gegnum rekstrarreikning færðar á gangvirði en fjáreignir haldið til gjalddaga og lán og kröfur eru færð á afskrifuðu kostnaðarverði í samræmi við aðferð virkra vaxta.

Viðskiptakröfur, lán og aðrar kröfur sem hafa fastar greiðslur og eru ekki skráðar á virkum markaði eru flokkuð sem lán og kröfur. Lán og kröfur eru færðar á afskrifuðu kostnaðarverði með aðferð virkra vaxta að frádreginni virðisrýrnun. Vaxtatekjur af lánum og kröfum eru færðar miðað við virka vexti.

D.2 Vátryggingaskuld

Mat á vátryggingaskuld
Í lögum um vátryggingastarfsemi nr. 100/2016 er kveðið á um útreikning á vátryggingaskuld, einkum í gr. 75 og 76.

Þar er kveðið á um að vátryggingaskuld skuli metin með varfærni og með áreiðanleika og hlutlægni að leiðarljósi.

Vátryggingaskuld skal vera samtala besta mats á skuldbindingum og áhættuálags. Besta mat skuldbindinga er meðaltal framtíðar fjárstreymis vegið með líkum að teknu tilliti til áhrifa tímasetninga greiðslna með viðeigandi áhættulausum vaxtaferli.

Áhættuálag er sú fjárhæð sem ásamt besta mati er ætlað að tryggja að vátryggingaskuld samsvari þeirri fjárhæð sem gera má ráð fyrir að önnur vátryggingafélög áskilji sér til þess að taka að sér og standa við þær skuldbindingar sem vátryggingaskuld félagsins er ætlað að mæta.

Útreikningur á tjónaskuld byggir á hreinum tölfræðilegum útreikningum. Iðgjaldaskuldin er reiknuð með hlutfallslegri skiptingu iðgjalda eftir gjalddögum auk lítils háttar álags vegna endurgreiðslu og niðurfellinga. Ekki er gert ráð fyrir óvissu í iðgjaldaskuld.

Lög um vátryggingastarfsemi nr. 100/2016 er innleiðing á tilskipun Evrópusambandsins 2009/138/EC, nefnd Solvency II. Tilskipuninni fylgir reglugerð (EU) 2015/35 sem einnig skal innleiða á Íslandi. Í Annex I í reglugerðinni er tilgreind greinaflokkaskipting samkvæmt Solvency II. Taflan hér að neðan um besta mat vátryggingaskuldar er gerð í samræmi við þá greinaflokkaskiptingu sem þar er tilgreind.

Besta mat vátryggingaskuldar
Greinaflokkar samkvæmt reglugerð Solvency II tilskipunarinnar.

31.12.2018	Iðgjalda-skuld	Tjóna-skuld	Áhættu-álag	Vátrygginga-skuld	Hluti endur-tryggjenda	Eigin vátr.skuld
Frumtryggingar skaðatrygginga						
Sjúkrakostnaðartryggingar	2.370	5.109	238	7.717	0	7.717
Almennar slysa- og sjúkratr.	379.184	1.478.742	77.891	1.935.817	5.169	1.940.986
Slysatryggingar launþega	101.535	1.685.359	65.238	1.852.131	-1	1.852.130
Lögboðnar ökutækjatryggingar	3.160.504	8.076.127	307.652	11.544.284	46.980	11.591.264
Aðrar ökutækjatryggingar	1.248.772	481.156	77.942	1.807.869	0	1.807.869
Sjó- flug- og farmtryggingar	38.211	122.566	9.235	170.012	-2	170.010
Eignatryggingar	1.488.468	1.867.378	168.227	3.524.073	576.818	4.100.892
Almennar ábyrgðartryggingar	347.559	2.049.174	101.328	2.498.061	11.919	2.509.980
Greiðslu- og efndatryggingar	22.698	24.613	3.810	51.121	8.414	59.535
Hlutfallslegar endurtryggingar						
Almennar slysa- og sjúkratr.	7.524	28.794	1.126	37.445	0	37.445
Sjó- flug- og farmtryggingar	82.187	375.676	25.462	483.324	0	483.324
Eignatryggingar	201.748	778.275	49.552	1.029.576	0	1.029.576
Almennar ábyrgðartryggingar	36.099	73.838	4.662	114.598	0	114.598
Óhlutfallslegar endurtryggingar						
Heilsutryggingar	66	57.495	3.961	61.522	0	61.522
Almennar ábyrgðartryggingar	0	324	16	340	0	340
Sjó- flug- og farmtryggingar	0	234.284	15.611	249.895	0	249.895
Frumtryggingar líf- og heilsutrygginga						
Heilsutryggingar	288.934	172.465	16.700	478.098	86.182	564.281
Líftryggingar	253.270	115.400	31.870	400.540	57.744	458.285
VÍS samstæða samtals	**7.659.129**	**17.626.776**	**960.519**	**26.246.424**	**793.223**	**27.039.647**

31.12.2017	Iðgjalda-skuld	Tjóna-skuld	Áhættu-álag	Vátrygginga-skuld	Hluti endur-tryggjenda	Eigin vátr.skuld
Frumtryggingar skaðatrygginga						
Sjúkrakostnaðartryggingar	3.676	5.079	257	9.013	0	9.013
Almennar slysa- og sjúkratr.	364.957	1.522.652	85.358	1.972.967	5.579	1.978.546
Slysatryggingar launþega	87.314	1.637.753	69.160	1.794.227	0	1.794.227
Lögboðnar ökutækjatryggingar	3.043.348	7.389.835	320.571	10.967.579	46.981	11.014.560
Aðrar ökutækjatryggingar	1.193.761	438.510	85.719	1.717.991	0	1.717.991
Sjó- flug- og farmtryggingar	26.390	121.349	23.138	170.876	14	170.890
Eignatryggingar	1.349.968	1.265.979	150.321	2.766.268	151.087	2.917.355
Almennar ábyrgðartryggingar	299.478	2.172.423	115.019	2.586.919	78.369	2.665.288
Greiðslu- og efndatryggingar	6.337	33.522	3.996	43.856	666	44.522
Hlutfallslegar endurtryggingar						
Almennar slysa- og sjúkratr.	7.803	18.203	1.169	27.175	0	27.175
Sjó- flug- og farmtryggingar	63.901	266.085	51.532	381.518	0	381.518
Eignatryggingar	177.815	534.824	40.716	753.335	0	753.335
Almennar ábyrgðartryggingar	23.091	50.296	3.370	76.757	0	76.757
Óhlutfallslegar endurtryggingar						
Heilsutryggingar	83	58.208	4.266	62.557	1	62.558
Almennar ábyrgðartryggingar	0	247	13	260	0	260
Sjó- flug- og farmtryggingar	0	249.805	18.553	268.358	0	268.358
Frumtryggingar líf- og heilsutrygginga						
Heilsutryggingar	257.824	143.638	15.364	416.826	66.353	483.179
Líftryggingar	233.383	121.684	34.091	389.157	56.026	445.183
VÍS samstæða samtals	**7.139.129**	**16.243.919**	**1.022.611**	**24.405.660**	**405.075**	**24.810.735**

Útreikningur á besta mati vátryggingaskuldar.
Við útreikning á besta mati tjónaskuldar eru notaðar hefðbundnar tölfræðilegar aðferðir, Chain Ladder, Munich Chain Ladder og Bootstrap. Í sérstökum tilvikum þar sem tjón falla ekki að tölfræðilegri vinnslu eru þau metin sérstaklega. Þetta getur átt við um mjög stór tjón eða ef vátryggingagrein er lítil og ekki hefur myndast nein marktæk tjónareynsla.

Eftir ákvörðun á besta mati er lagt mat á þann kostnað sem hlýst af því að gera upp vátryggingaskuldbindingar félagsins og hann lagður við besta mat skuldarinnar án afvöxtunar.

Við ákvörðun á verðbólgu á uppgjörstíma þeirra vátryggingaskuldbindinga sem vátryggingaskuldin endurspeglar, er tekið mið af verðbólguspá Seðlabanka Íslands að teknu tilliti til nafnvaxtaferils sem EIOPA gefur út mánaðarlega. Er þó miðað við að raunávöxtun geti ekki vaxið upp fyrir ákveðin mörk til lengri tíma litið.

Gert er ráð fyrir að iðgjaldaskuld félagsins sé með hálfs árs líftíma.

Við útreikning á besta mati er tölfræðilegt staðalfrávik reiknað fyrir hvern greinaflokk fyrir sig. Þetta staðalfrávik gefur vísbendingu um þá óvissu sem ríkir í mati félagsins á vátryggingaskuld þess.

Áhættuálag
Solvency II löggjöfin leggur til nokkrar aðferðir við útreikning á áhættuálagi. Sú aðferð sem félagið notar gengur út á að meta heildar gjaldþolskröfu félagsins fyrir sérhvert ár til framtíðar, þar sem gert er ráð fyrir að framtíðar gjaldþolskrafan sé í sama hlutfalli og besta mat vátryggingaskuldar fyrir viðkomandi ár. Félagið telur sig uppfylla þær forsendur sem settar eru fram til þess að geta notað þessa aðferð. Eftir útreikning á heildaráhættuálagi félagsins er álaginu dreift niður á greinaflokkana. Það er gert í hlutfalli við framlag hvers greinaflokks til gjaldþolskröfu félagsins.

Vátryggingaskuld í hlut endurtryggjenda
Hlutur endurtryggjenda í vátryggingaskuld í reikningsskilum er hlutdeild endurtryggjenda í vátryggingaskuldbindingum félagsins samkvæmt endurtryggingasamningum. Í Solvency II löggjöfinni er tekið tillit til gjaldþrotalíkinda endurtryggjenda og mat á hlut þeirra lækkað sem því nemur. Hlutur endurtryggjenda í vátryggingaskuld félagsins er hlutfallslega mjög lítill auk þess sem flestir samningar eru óhlutfallslegir og því ekki næg gögn fyrir hendi til að leggja tölfræðilegt mat á hlut þeirra sérstaklega. Hvert tjón er metið fyrir sig og telst það mat vera besta mat félagsins á hlut endurtryggjenda í vátryggingaskuld.

Óvissa
Vátryggingaskuld í reikningsskilum félagsins er besta mat skv. Solvency II löggjöfinni. Það þýðir að það er jafn líklegt að endanlegt uppgjör á vátryggingaskuldbindingum félagsins verði hærra en besta matið og að það verði lægra. Gjaldþoli félagsins er ætlað að mæta hugsanlegu vanmati.

Við útreikning á vátryggingaskuld eru ekki nýttar neinar heimildir til frávika frá þeim reikniaðferðum sem lýst er hér að ofan sem heimilaðar eru undir vissum kringumstæðum og lýst er í greinum 77b, 77d, 308c og 308d í Solvency II tilskipuninni 2009/138/EC. Ýmsar ákvarðanir stjórnenda gætu haft áhrif á útreikning besta mats vátryggingaskuldar. Ákvarðanir sem breyta verulega iðgjaldagrundvelli vátryggingagreina og þar með tjónahlutfalli í framtíðinni gætu haft áhrif á besta mat iðgjaldaskuldar. Engar slíkar ákvarðanir eru ráðgerðar.

Ákvarðanir sem breyta uppgjörsferli tjóna geta haft áhrif á besta mat tjónaskuldar. Uppgjörsferlið ræðst af vátryggingaskilmálum, löggjöf í landinu og verklagi í starfsemi tjónasviðs. Verklag við uppgjör tjóna er í föstum skorðum og ekki fyrirhugað að breyta því í þeim mæli að það raski besta mati tjónaskuldar.

D.3 Aðrar skuldbindingar

Skuldbinding er færð þegar félagið ber lagalega eða ætlaða skuldbindingu vegna liðinna atburða, líklegt er talið að til greiðslu komi og hægt er að meta fjárhæð hennar með áreiðanlegum hætti. Fjárhæð skuldbindingar er byggð á besta mögulega mati á skuldbindingunni sem er fyrirliggjandi á reikningsskiladegi. Ef skuldbindingin er metin út frá áætluðu framtíðarsjóðstreymi er hún færð miðað við núvirt áætlað sjóðstreymi. Þegar virði skuldbindingarinnar er endurheimtanlegt frá þriðja aðila er fjárhæð hennar færð til eignar. Ábyrgðarskuldbindingar vegna fjárskulda eru upphaflega færðar á gangvirði. Við síðara mat eru aðrar ábyrgðarskuldbindingar, en þær sem flokkaðar eru á gangvirði gegnum rekstrarreikning, færðar við því sem hærra reynist:

- fjárhæð undirliggjandi skuldar sem metin er í samræmi við IAS 37 - Skuldbindingar, óvissar skuldir og óvissar eignir,
- fjárhæð upphaflegs samnings að frádregnum uppsöfnuðum afskriftum í samræmi við reglur um skráningu tekna.

Fjárskuldir félagsins samanstanda af viðskiptaskuldum og öðrum skuldum. Fjárskuldir eru upphaflega færðar á gangvirði að frádregnum viðskiptakostnaði og eru felldar út úr ársreikningi ef skuldbindingar félagsins sem skilgreindar eru í samningi eru greiddar, falla úr gildi, er vísað frá eða þeim er aflétt.

D.4 Aðrar aðferðir vegna verðmats

Ekki eru notaðar neinar óhefðbundnar aðferðir við mat á skuldbindingum félagsins.

D.5 Aðrar upplýsingar

Viðskiptavild sem myndast við sameiningar er færð til eignar þann dag sem félagið nær yfirráðum í keyptu félagi. Viðskiptavild er mismunur á kaupverði dótturfélags og hlutdeild í hreinni eign þess eftir að eignir og skuldir hafa verið metnar til gangvirðis á yfirtökudegi. Viðskiptavild er ekki afskrifuð heldur metin árlega með tilliti til virðisrýrnunar eða oftar ef vísbendingar eru um virðisrýrnun. Við framkvæmd virðisrýrnunarprófs er viðskiptavildinni skipt niður á fjárskapandi einingar. Þær fjárskapandi einingar sem viðskiptavildinni hefur verið úthlutað á eru prófaðar með tilliti til virðisrýrnunar og ef bókfært verð er hærra en virði þeirra hefur virðisrýrnun átt sér stað. Hafi virðisrýrnun átt sér stað er viðskiptavild fyrst færð niður og síðan aðrar eignir sem tilheyra viðkomandi einingu. Óheimilt er að bakfæra áður færða virðisrýrnun viðskiptavildar á síðari tímabilum. Viðskiptavild er ekki færð til eignar í útreikningi á Solvency II.

Viðskiptasambönd sem urðu til við yfirtöku á rekstri, eru afskrifuð á áætluðum nýtingartíma, 10 árum. Viðskiptasambönd eru ekki færð til eignar í útreikningi á Solvency II.

Ekki er munur á því hvernig aðrar eignir eru metnar, annars vegar samkvæmt Solvency II og hins vegar samkvæmt ársreikningi.

E. Eiginfjárstýring

Félagið stýrir gjaldþoli samkvæmt fjárfestingastefnu, arðgreiðslustefnu, áhættuvilja og ORSA félagsins. Gjaldþolshlutfall félagsins var innan áhættuviljans eða 1,40 í lok 2018 og 1,42 í lok 2017.

E.1 Gjaldþol

Gjaldþol félaganna, VÍS, Lífís og samstæðu þeirra, byggir á eigin fé að frádregnum óefnislegum eignum, væntanlegum arðgreiðslum og endurkaupum á eigin bréfum að viðbættu víkjandi skuldabréfi, þar sem það á við. Tillaga félagsins að arðgreiðslu var 2.044 milljónir króna sem samþykkt var á aðalfundi í mars 2019 og greidd út á sama tíma. Félagið keypti samtals 46,8 milljónir hluta á árinu og var kaupverð hinna keyptu hluta á árinu samtals 512 m.kr. Á grundvelli endurkaupaáætlunar sem samþykkt var á hluthafafundi þann 22. mars 2018 keypti félagið 42,6 milljónir hluta. Það nemur 46% af hámarki heimildar samkvæmt áætluninni. VÍS á nú samtals 2,18% af heildarhlutafé félagsins.

Félagið keypti hluti í Kviku banka hf. á árinu 2017 og í árslok var hlutur VÍS í Kviku banka hf. metinn á rúmlega 2,6 milljarða króna. Samkvæmt lögum nr. 100/2016 skal draga að fullu frá gjaldþoli alla hlutdeild félagsins í fjármála- eða lánafyrirtæki ef hlutur þess er yfir 10% af gjaldþolsþætti 1 (e. Tier 1). Um leið reiknast engin fjárbinding á þennan eignahlut. Við hlutafjárlækkun á árinu var hluthöfum m.a. afhent hlutabréf í Kviku. Við það fór hlutur félagsins niður fyrir 10% af gjaldþolsþætti 1 og ber því ekki lengur að draga hann frá gjaldþoli.

31.12.2018	Gjaldþol	Gjaldþolsþáttur 1	Gjaldþolsþáttur 2	Gjaldþolsþáttur 3
Innborgað hlutafé	1.910.042	1.910.042		
Afstemmingarliðir	9.931.411	9.931.411		
Víkjandi skuldabréf	2.714.464		2.714.464	
Nettó frestuð skattainneign	0			0
Kjarnagjaldþolsliðir	14.555.917	11.841.453	2.714.464	0
Frádráttur	0	0		
Heildargjaldþol til að mæta SCR	14.555.917	11.841.453	2.714.464	0
Heildargjaldþol til að mæta MCR	12.743.307	11.841.453	901.854	

31.12.2017	Gjaldþol	Gjaldþolsþáttur 1	Gjaldþolsþáttur 2	Gjaldþolsþáttur 3
Innborgað hlutafé	2.223.498	2.223.498		
Afstemmingsliðir	11.941.052	11.941.052		
Víkjandi skuldir	2.623.981		2.623.981	
Nettó frestuð skattainneign	123.722			123.722
Kjarnagjaldþolsliðir	16.912.253	14.164.550	2.623.981	123.722
Frádráttur	-2.642.231	-2.642.231		
Heildargjaldþol til að mæta SCR	14.270.022	11.522.319	2.623.981	123.722
Heildargjaldþol til að mæta MCR	12.347.418	11.522.319	825.100	

Sá munur sem birtist á eigin fé í efnahagsreikningi félaganna og eigin fé í töflunum hér að ofan eru þær óefnislegu eignir sem finna má í efnahagsreikningi, en þær má ekki telja með til gjaldþols og eru því dregnar frá í afstemmingarlið.

Gjaldþolskrafa	2018	2017
Grunngjaldþolskrafa (BSCR)	10.621	10.412
Rekstraráhætta	751	682
Aðlögun vegna frestaðra skatta	-1.000	-1.027
Gjaldþolskrafa samtals	**10.373**	**10.067**
Grunngjaldþolskrafa (BSCR)		
Markaðsáhætta	4.937	5.690
Mótaðilaáhætta	1.899	1.554
Líftryggingaáhætta	421	358
Heilsutryggingaáhætta	1.651	1.614
Skaðatryggingaáhætta	6.452	5.792
Fjölþættingaráhrif	-4.739	-4.596
Grunngjaldþolskrafa samtals	**10.621**	**10.412**
Markaðsáhætta		
Vaxtaáhætta	575	429
Hlutabréfaáhætta	4.033	4.956
Fasteignaáhætta	193	82
Vikáhætta	809	553
Gjaldmiðlaáhætta	105	219
Samþjöppunaráhætta	755	1.360
Fjölþættingaráhrif	-1.532	-1.908
Markaðsáhætta samtals	**4.937**	**5.690**

E.2 Gjaldþolskrafa og krafa um lágmarksfjármagn

Gjaldþolskrafa (e.Solvency Capital Requirements) er krafa um ákveðið fjármagn vegna þeirrar áhættu sem í félaginu er. Litið er til þeirrar áhættu sem mælanleg er. Lágmarksfjármagn (e.Minnimum Capital Requirements) er það lágmarksfjármagn sem vera þarf í félaginu til að þá fái heimild til að taka að sér vátryggingaáhættu. Hvort tveggja er reiknað út frá reglum Solvency II reglugerðarinnar og kallast staðalregla laga nr. 100/2016. Taflan hér að ofan sýnir niðurbrot gjaldþolskröfu í árslok 2018 og 2017. Engar verulegar breytingar urðu á SCR og MCR félaganna á milli ára. Markaðsáhætta félagsins lækkaði töluvert sem að mestu leyti má rekja til hlutfjárlækkunar og sölu stórra eignahluta í skráðum félögum. Á móti hækkaði skaðatryggingaáhætta og mótaðilaáhætta nokkuð.

Í kafla 4.5 í ORSA skýrslu félagsins er lagt mat á undirliggjandi forsendur staðalreglunnar og nefnt hvort og þá hvar félagið notast við einföldunaraðferðir í útreikningi sínum á gjaldþolskröfu.

E.3 Aðferð við útreikning á líftíma hlutabréfaáhættu í gjaldþolskröfu

Ekki er um slíkt að ræða hjá félaginu.

E.4 Mismunur á staðalreglunni og eigin innra líkani

Félagið er ekki með eigin líkön og notast eingöngu við staðalreglu laga nr. 100/2016.

E.5 Frávik frá kröfu um lágmarksfjármagn og frávik frá gjaldþolskröfu

Ekki var um nein frávik frá kröfu um lágmarksfjármagn (MCR) né gjaldþolskröfu (SCR) á árinu 2018.

E.6 Aðrar upplýsingar

Engar aðrar upplýsingar.